

# Ólafsvík 27. febrúar 2012

---

Áttundi fundur í Ungmennaráði haldinn í Íþróttahúsi Snæfellabæjar klukkan 20:00.

**Mættir:** Davíð Magnússon  
Hilma Jónsdóttir  
Jóhanna Jóhannesdóttir  
Ægir Þór Þórsson

## Umræðuefni fundar

Þar sem Telma Björg Þórarinsdóttir hefur látið af störfum þurfti að kjósa nýjan formann. Það var einróma ákvörðun ráðsins að Hilma Jónsdóttir tæki við embættinu.

Hvað varðar nýjan meðlim í Ungmennaráð, höfum við valið Thelmu Rut Haukdal Magnúsdóttir vegna áhuga hennar á starfinu og er sú tillaga hér með borin undir bæjarstjórn Snæfellsbæjar með ósk um samþykki.

Eftir að hafa kosið um embætti sagði Jóhanna okkur frá fundi sem hún sótti ásamt Sigrúnu helgina 10. – 12. febrúar á Akureyri. Umræðuefni þess fundar voru m.a. það hvort Ungmennaráðin á Íslandi skyldu ganga inn í hin svokölluðu Samféssamtök.

Annað sem rætt var á þessum áttunda fundi Ungmennráðs var Íþróttahús Snæfellsbæjar. Kom upp sú hugmynd að hafa Íþróttahúsið opið á sunnudögum frá 14-16 fyrir aldurshópinn 16-25 ára. Þar gætu hópar hist og leikið sér, spilað körfubolta, tennis o.s.frv. þeim að kostnaðarlausu. Það má alveg nýta þetta húsnæði til hins ýtrasta!

Við stefnum síðan að því að opna Ungmennahúsið sem allra fyrst og hafa það í húsnæði Afdreps. Opnunin verður rædd frekar á næsta fundi.

Fundið slitið klukkan 21:15.

Hilma Jónsdóttir, ritari.